

BRAGI BAGGALÚTUR • Hvetur fólk til að kaupa Bubba [2]

SIRKUS

24. NÓVEMBER 2006

LJÓTUSTU
KONURNAR Í
HOLLYWOOD



Ég er rétt að byrja

HANNES SMÁRASON ER UMDEILDASTI
MILLJARDAMÆRINGUR ÍSLANDS



DOMO OPNAR Á MORGUN

Þetta er enginn
ellistaður



MAGNI SPENNTUR

Ætlar með Rock-
stargengið í Spa



EYÐÓR Í BONDPARTÍ

Með vatn í
veislunni

Nú er komið að framhaldi
bölvunarinnar...

Þorir þú aftur?

SAMBÍÖN
REYKJAVÍK • AKUREYRI

ÚR SMÍÐJU SAM RAIMI (SPIDER-MAN)

THE GRUDGE

BÖLVUNIN 2

2



Stjörnustælar

Hógværð er dyggð sem Íslendingar kunna að meta. Í starfi mínu hef ég tekið viðtöl við margar íslenskar stjórnur. Öllum þykir þeim mjög mikilvægt að það komist á framfæri að það kæri sig ekki um sviðsljósið. Það er eins og það sé alltaf að afsaka að það sé frægt.



Ég veit alveg af hverju þetta er svona. Þeir sem lita út fyrir að njóta frægðarinnar eru umsvifalaust barðir niður á kaffistofum þjóðarinnar. Við tölum illa um frægt fólk sem hegðar sér eins og því finnst bara allt í lagi að vera frægt.

Gott dæmi um þetta eru tvær uppákumur í vikunni sem leið. Í tveigang var einhverjum frægum ekki hleypt inn á uppákumur þar sem frægir komu saman. Í annað skiptið var stærstu stjórn þessa árs, Magna Ásgeirssyni, ekki hleypt inn á plöggsamkomu Senu um síðustu helgi vegna þess að hann var í gallabuxum. Hitt atvikið var þegar Jefferson Hack, tiskuritstjóra og barnsföður Kate Moss, var ekki hleypt inn á Rex.

Ókei. Ég skal alveg viðurkenna að ég brosti út í annað þegar ég heyrði af þessu. En mikið held ég að dyraverðirnir hafi haft gaman að því að horfa á Magna engjast. „Hann er kannski frægur. En hann fær enga sérmeðferð hjá mér,“ hefur einn þeirra eflaust hugsað með sér.

Maður á ekkert að skammast sín fyrir að vera það sem maður er. Og þótt það hljómi kannski hallærislega að vera að vorkenna einhverjum stjörnum þá geri ég það samt. Flest okkar dreymir um að vera fræg og vinsæl. Þess vegna eigum við ekki að gera lítið úr þeim sem eru það sem við viljum vera.

Innst inni öfundum við nefnilega fræga fólkið. Ég meina hver vill ekki komast fram fyrir á Oliver, vera í einkaþjálfun hjá Gillz eða vera með Stebba Hilmaris í símaskránni. Hættum að tala illa um stjórnurnar...Tölum bara illa um stjórnmálmennt í staðinn.

Andri Ólafsson



MAGNI SPENNTUR
Tekurá möti vinum sínum.

ROCKSTAR HÓPURINN GETUR EKKI BEÐIÐ EFTIR AÐ KOMA SAMAN AFTUR

Fórna djamminu fyrir aðdáendurna

„Ég hugsa að ég hlífi þeim nú við helstu frosthörkunum og fari bara með þau í spa í staðinn,“ svarar Magni Ásgeirsson aðspurður um hvað hann hyggst gera með vinum sínum úr Rockstar-



TOBY
Tekur lagið í höllinni næstu helgi.

þáttunum en Toby, Dilana og Storm eru öll væntanleg til landsins í næstu viku ásamt húsbandinu. Þau munu koma fram ásamt Magna á tveimur tónleikum í Laugardalshöll um næstu helgi. Að sögn Magna er mikil eftirvænting í hópnum fyrir tónleikana en þegar er uppselt á fyrri tónleikana sem haldnir verða á föstudaginn en miðasala er í fullum gangi fyrir aukatónleika sem haldnir verða á laugardaginn. „Við ætluðum að taka laugardaginn með trompi og skemmta okkur öll saman. En vegna þess hve mikil aðsókn var í miða ákváðum við frekar að halda aukatónleika svo að fleiri gætu komið og séð okkur koma saman.“ Magni segir það ekki rétt sem fram hefur komið í öðrum blöðum að Lukas Rossi muni verða

leynigestur á tónleikunum. „Það er alrangt,“ segir hann. „Það verður samt leynigestur. Eiginlega bara betri en Lukas,“ bætir hann við leyndardómsfullur en er þögull sem gröfin þegar Sirkus gengur á hann og spyr hver það sé. „Kemur í ljós,“ er það eina sem fæst upp úr Magna. Hann á þó erfitt með að leyna eftirvæntingu sinni fyrir komu vina sinna úr hinum vinsæla Rockstar þætti. „Við hlökkum öll rosalega til,“ segir hann. „Tölvupóstarnir eru bókstaflega búnir að fljúga á milli og við getum varla beðið eftir því að koma saman aftur.“ Miðasalan á tónleikana er í fullum gangi á midi.is.

STORM

Ætlar í Spa með Magna.



Bragi „Baggalútur“ Skúlason mælir með...



Bók

Menn ættu að gæta sín á því að tjalda til einnar nætur með upplognum orðavaðli, sem engum er til gagns. Frekar ætti um jólin að sökkva sér í hagnýt fræði og mæli ég þá einna eindregnast með „Þróun glímu í íslensku þjóðlífi“. Auk þess er öndvegisritið „Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum“ nýkomið út, en það lesa auðvitað allir hvort eð er.



Kvikmynd

Allir rétt hugsandi menn ættu að drífa sig að sjá eyrnastóra greppitrýnið Daniel Craig hressa ærlega upp á leyniþjónustumann númer 7; rífa kjaft, láta lemja sig til óbóta og hafa sig ítrekað að ginningarfílli. Dásamleg og blóðaukandi fjölskyldumynd. Svo er auðvitað ennþá verið að sýna „Material Girls“ með Hilary Duff, ef einhver er ekki búinn að sjá hana.



Tónlist

Ég hvet landsmenn til að flykkjast til að kaupa æviverk Bubba Morthens, því til lengri tíma lítið er betra að svo fámenn þjóð sameinist um einhvern einn tónlistarmann til að styrkja og hvetja til dáða en að dreifa athygli sinni og fjármunum á marga smærri spámenn.



Nýtt frá OROBLU



OROBLU
SAFESKIN

Þeir sem kepptu um titilinn Herra Ísland klæddust SAFESKIN nærfötum.

Nærfötin eru mjúk og saumlaus úr einstaklega góðu bómullarefni sem hentar vel fyrir viðkvæma húð. Þau falla þétt að líkamanum og draga ekki í sig svíta.

Ég var að heyra ...

Að Óli Geir, fyrrum herra Ísland, sé hættur sem skemmtanastjóri á Yello í Keflavík en staðurinn er í eigu Atla skemmtanalöggju. / Að forsalan á Flexmusic kvöldið á Nasa 1. des sé í fullum gangi í verslunum Tólf tóna. / Að mikil spennu sé yfir tónleikum Skítamóralis á Nasa á laugardaginn. Síðast mætti Einar Ágúst í fullu fjöri. Sumir segja að strákurinn ætla að kíkja aftur. / Að Mannlífsritstjórnin geðþekki, Kristján Þorvaldsson,



hefði eignast stúlku í vikunni. / Að X-Factor dómarnir Einar, Palli og Ellý eru nú byrjuð að blogga á minnsirkus.is. / Að Buttercup væri að gefa út nýja plötu. / Að Jónsi í Sigurrós hefði sést í Limma með Magga í Atorku eftir Sykurmolatónleikana. / Að tónleikahaldarinn Björn Steinbekk hefði eignast dóttur. / Að enginn hefði fattað Salatbar brandara Péturs Jóhanns á Eddunni. /



SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar Útgefandi Helgi Hermannsson, ábm. Ritstjórnar Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is og Breki Logason, breki@minnsirkus.is Ritstjórn Dröfn Ösp Snorraddóttir, drofn@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is, Sigríður Dögg Arnardóttir, siggadolgg@minnsirkus.is og Sölvi Snær Magnússon, solvi@minnsirkus.is Sirkusstjóri Árni Þór Vigfússon Sirkusblaðið Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 Auglýsingar Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@fretti.is

Ég er ekki dramadrottning

Líf mitt er ein rjúkandi rúst! Það er á enda! Ekki aðeins hefur bæst ein stór, þrútin, rauð bóla í bólupartíið sem fer nú fram á nefinu á mér heldur hefur móðir mín ákveðið að svipta mig öllum stöðugleika og flýttja með mig og litla bróður minn hálfa leiðina yfir hnöttinn.

Frábær saga um örlög Emblu sem ER EKKI DRAMADROTTNING, en vill alls ekki yfirgefa líf sitt í Reykjavík, vinkonurnar og síðast en ekki síst ... GK (fullu nafni Gangandi Kynþokki).




„Frábær saga!“
Móðir höfundar



„Örugglega ýkt skemmtileg og fyndin bók. Ég ætla samt bara að bíða eftir bíómyndinni.“
Bróðir höfundar

„Hræðilegt ritverk. Foreldrar, leyfið börnunum ykkar ekki að lesa þessa bók. Hún inniheldur engan góðan boðskap, hvetur til óhlýðni og virðingarleysis og er allt of bleik á litinn.“
Velferðarnefnd unglunga

Kíktu á síðuna mína www.myspace.com/dramadrottning




E d d a
edda.is

GLÆSILEGT GALABÓÐ SENU

Það var nóg að gerast um helgina. Sena hélt árlegt útgáfuteiti sitt í Listasafni Reykjavíkur þar sem þemað var James Bond. Var listasafninu breytt í Casino og drukku gestir sérblandaða kokkteila í öllum regnboganslitum. Hin sjóðheita Sprengjuhöll var með tónleika á Amsterdam og nokkrir drengir spiluðu djass á Domo. Síðan var kvikmyndin James Bond frumsýnd í Smárabíó og Skrekkur fór fram í Borgarleikhúsinu. Sirkus var að sjálfsgöðu á staðnum.



Ljósmyndarinn Björn Blöndal ásamt henni Dönnu Arnardóttur sem er hvað þekktust fyrir að byrja með Annþóri Karlssyni þegar hann var á Kviabryggju.



Íslensku Beckhamhjónin
Garðar Gunnlaugsson og
Ásdís Rán Gunnarsdóttir.



Flottir Heiðar Austmann var hress ásamt Huga og Audda Blöndal.



Í vatninu Eyþór Arnalds ásamt unnustu sinni, Dagmar Unu Ólafsdóttur.

Magni komst ekki inn

Það brá mörgum gestum í Senupartíinu þegar sjálfum Magna var meinuð innganga í teitið. Hann mætti ásamt Birgittu Haukdal og fleirum en eitthvað höfðu dyraverðirnir við klæðaburð rokkstjörnnunnar að setja. Hann var í gallabuxum sem samræmdist ekki reglum teitisins. Hann brást við eins og sannur heiðursmaður og gekk í burtu. Stuttu síðar var Rokkstjarna Íslands hins vegar mætt galvösk í svörtum buxum.



Glæsileg Eyrún, Magni og trommuleikari í Svörtum fótum voru hress í Senupartíinu.



Falleg feðgin Unnur Birna mætti á frumsýningu Bond með Vilhjálmri föður sínum.



Íslenskir Bondar
Karl Schiöth og
Björn Sigurdsson
voru flottir í smóking.



Sprengjuhöllin Snorri, Sigi, Bergur Ebba, Atli og Georg skipa Sprengjuhöllina sem er að gera allt vitlaust þessa dagana.



Domo Nýr staður Kormáks og Skjaldað bauð upp á eðaldjass. Hér má meðal annars sjá hinn knáa Davíð Þór Jónsson fara hamfórum.



Fallegur staður Domo er háklassa- staður. Sigtryggur Baldursson, trommari Sykurmolanna, var mættur með hattinn sinn og fylgdist með af athygli.



Einbeittir Aóðáendur Sprengjuhallarinnar sátu stjarfir á Café Amsterdam og hlýddu á hárbetta texta sveitarinnar.



Skrekkur Sigurvegarar í Skrekk 2006.

Jólagjafir í 90 ár

Hljóðnemar

Hljómborð
frá Yamaha

Trommusett frá
Premier, Tama
og Yamaha

Gítar og
bassamagnarar
frá Fender

Trommukjuðar

Nótna og
kennslubækur

Frábærir
Gítar og
Bassapakkar

Þekktustu
merkin á
einum
stað!

 digidesign

Fender

Ibanez

Premier

YAMAHA

TAMA


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

MILLJARÐAMÆRINGURINN HANNES SMÁRASON VERÐUR ÞRJÁTÍU OG NÍU ÁRA Á MORGUN. HANN HEFUR EFNAST GRÍÐARLEGA MIKIÐ Á MJÖG SKÖMMUM TÍMA OG ER EINN RÍKASTI MAÐUR ÍSLANDS.

Ég skammast mín ekki neitt

„Hann verður erlendis fram í næstu viku, ég veit ekki nákvæmlega hvenær hann kemur,“ heyrðum við nokkrum sinnum frá Kristjáni Kristjánssyni, upplýsingafulltrúa FL-Group, þegar við reyndum að landa viðtali við einn ríkasta mann landsins. **Hannes Smárason** er nefnilega mjög upptekinn maður, alltaf með annan fótinn í útlöndum.

Hann flutti til Danmerkur fimm ára gamall og bjó í Bandaríkjunum í tíu ár. Annars ólst hann bara upp í Laugarneshverfinu, spilaði fótbolta með Fram og las viðskiptablöð á ensku. Hann kláraði verkfræði, viðskiptafræði og tók svo master í því síðarnefnda. Hannes starfaði hjá ráðgjafafyrirtæki í Bandaríkjunum í fimm ár en ákvað að koma heim 29 ára gamall.

„Það gerðist bara það sama og gerist hjá öllum Íslendingum. Ég fór út frekar ungur og hafði aldrei prófað að vera fullorðinn á Íslandi. Þegar þú ert búinn að vera úti svona lengi verður þú að taka ákvörðun um hvort þú ætlar að vera þar alla tíð eða koma heim. Ég ákvað upphaflega að taka mér frí í eitt ár og sjá hvernig mér myndi líka. Svo var ég bara kominn í spennandi verkefni og boltinn fór að rúlla,“ segir Hannes um komuna til Íslands.

Eftir að hafa daðrað við ýmsar fjárfestingar á meðan hann starfaði hjá Íslenskri erfðagreiningu í tæp sjö ár tók hann stökkið. Og þá var ekki aftur snúið. En Hannes hefur heldur aldrei litið um öxl.

„Það voru ákveðin tækifæri sem blöstu við mér þegar ég keypti hlutabréfin í Flugleiðum á sínum tíma. Félagið var sterkt og menn stóðu frammi fyrir því að nota hlutaféð annaðhvort til að borga út arð eða til fjárfestinga. Mér hugnaðist betur að byggja upp. Ég var náttúrulega búinn að vinna lengi hjá líftæknifyrirtæki, en það er þannig að þú verður að hafa ástríðu fyrir vísindunum ef þú ætlar þér að vinna hjá slíku fyrirtæki og ef þú hefur það ekki, þá getur vistin orðið erfið til lengdar. Þetta er alltaf á endanum spurning um hvað það er

sem rekur þig fram úr á morgnana. Ég sá tækifæri til að byggja upp fyrirtæki með allt öðrum hætti,“ segir Hannes um viðskiptin sem gerðu hann að milljarðamæringi. Hannes segist ekki hafa verið neinn sérstakur töffari þegar hann var yngri. En ekki endilega lúði heldur. Var mikið í íþróttum og unglingsárin gengu nokkuð átakalaust fyrir sig. En áhuginn á viðskiptum hafi kviknað fljótt þegar hann byrjaði fimmtán ára gamall að lesa viðskiptablöð sem pabbi hans var áskrifandi að.

„Þau voru öll á ensku og ég skildi svo sem ekki mikið um hvað var verið að tala. En það var eitthvað heillandi við þetta sem greip mig strax. Ég hafði reyndar alltaf mikinn áhuga á raungreinum og hélt mér þætti verkfræðin skemmtilegri. Svo komst ég bara að því að hún er

„SAMKVÆMT ÞESSU ER BJÖRGÓLFUR THOR NÁTENGÐUR EINHVERJUM MAFÍUGLÆPUM OG KB BANKI Á KAFI Í PENINGAÞVÆTTI. ÞETTA STENST ENGA SKOÐUN OG ER BARA ÞVÆLA.“

hundleiðinleg,“ segir Hannes sem í upphafi hafði ekki áhuga á peninga-hliðinni á viðskiptunum.

„Viðskipti eru í grunninn mjög skapandi þó að margir sjái bara einhverja kalla með bindi. Þú þarft að nýta margvislega hæfileika á breiðu sviði til þess að ná árangri. Það var það sem mér fannst alltaf heillandi, þó það hljómi kannski undarlega.“

Eftir að Hannes hætti hjá deCode

gerðist allt hratt. FL-Group er til dæmis ekki nema eins og hálfis árs gamalt fyrirtæki í núverandi mynd og hefur reyndar breyst mikið á þeim stutta tíma. Í dag er það fyrst og fremst fjárfestingafélag en var í upphafi eignarhaldsfélag.

En hvað var það sem kom Hannesi á þann stað þar sem hann er núna. Hvaða viðskipti voru það sem komu honum á kortið?

„Ég held að þau viðskipti sem mest áhrif höfðu á Flugleiðir og svo FL-Group hafi verið kaupin í Easy-Jet. Þau hækkuðu prófilinn á félaginu í Bretlandi og mér í leiðinni reyndar. Þetta heppnaðist mjög vel og við högnuðumst gríðarlega.“

Heppni?

„Auðvitað er þetta alltaf einhver heppni. Menn voru samt búnir að greina tækifærin mjög vel og finna félag sem hafði lækkað í verði en

var samt sterkt fjárhagslega. Þetta gekk auðvitað ekki átakalaust og eldsneytisverð hækkaði til dæmis mjög mikið eftir að við keyptum. Okkur tókst að ná fram breytingum í félaginu, þó við værum í minnihluta og það skilaði sér á endanum í því að verðið á bréfunum hækkaði og við gátum selt þau með miklum hagnaði.“

Hannes hefur sem fyrr segir alla tíð haft mikinn áhuga á viðskiptum og

segist hafa lesið helling af ævisögum viðskiptajöfra. Hann segir þá vera eins ólíka og þeir eru margir. „Sumir eru ómenntaðir en verða ríkustu menn heims á meðan aðrir fara í skóla. Það má auðvitað margt af þeim læra, en kannski helst það, að maður verður að finna eitthvað sem maður er góður í og rækta þann eiginleika og nýta til þess að ná árangri.“

Þá hlýtur næsta spurning að liggja nokkuð í augum uppi. Í hverju ert þú eiginlega góður?

„Það er einmitt vandamálið, ég veit það ekki,“ segir Hannes og hlær. „Nei,nei ég held að ég sé góður í að púsla saman mörgum hlutum, skil mjög vel hvað skiptir máli. Ég tapa mér ekki í smáatriðunum og kann að fókusera á það sem ég veit að hefur áhrif. Svo held ég að ég geti auðveldlega komið hugmyndum á framfæri og sannfært fólk um að mín leið sé rétta leiðin en ekki einhver önnur.“

En þótt ótrúlegt sé þá er Hannes ekki alltaf í vinnunni. Hann er með stóra fjölskyldu og reynir að nýta frítíma sinn með henni. „Þegar við erum öll saman erum við sex. Við förum í göngutúra og erum byrjuð að fara aðeins á skiði. Á sumrin veiði ég og svo reyni ég að fara eins mikið í ræktina og ég get, mér finnst það skipta miklu máli þó ég hafi ekki hreyft mig eins mikið og ég hefði viljað.“

Hannes er ein af stóru kanónunum í íslensku viðskiptalífi. FL-Group er til dæmis metið á um 180 milljarða króna eða tvo milljarða evra og hefur vaxið hratt á skömmum tíma rétt eins og mörg önnur íslensk fyrirtæki. Þetta hefur mörgum erlendum blaðamönnum þótt undar-

legt og upp á síðkastið hefur Ekstrablaðið danska beint sjónum sínum að íslenskum auðjöfrum og boðar nú annan greinarflokk um það efni. Blaðið hefur reynt að tengja Íslendingana við rússagull, suma jafnvel við rússneska mafiósa. „Hvað finnst Hannesi um þessi skrif?“

„Þetta eru náttúrulega bara bjánaskrif og það stendur ekki steinn yfir steini í þeim. Samkvæmt þessu er Björgólfur Thor nátengdur einhverjum mafíuglæpum og KB banki á kafi í peningaþvætti. Þetta stenst enga skoðun og er bara þvæla.“

Af hverju eru menn þá að tala svona?

„Það eru að hluta ríkjandi skritin viðhorf í Danmörku gagnvart Íslandi. Menn trúa því ekki að þessi eyja geti gert eitthvað af viti. Sameiginleg saga þjóðanna spilar sjálfsagt inn í, við vorum náttúrulega undir þeirra stjórn í margar aldir og þeir virðast sumir telja okkur hálfgerða kjána. Það er samt bara ákveðinn hópur Dana sem finnst þetta, flestir vita að þetta er bara bull og vitleysa og taka okkur vel.“

En hvaðan koma þá eiginlega allir þessir peningar?

„Á því eru auðvitað margar skýringar. Hér varð gríðarleg verðmætasköpun í kjölfarið á einkavæðingu bankanna. Hún leysti úr læðingi ákveðinn kraft sem stendur á bak við mikið af þeirri velmegun sem við sjáum í dag. Peningarnir koma síðan bara í gegnum vinnu og arð af þeim fjárfestingum sem menn leggja út í,“ segir Hannes og bætir við að hér sé einnig sterkt lífeyrissjóðakerfi



„FÓLK ÞARF ALLTAF AÐ SLÚÐRA UM EINHVERN OG ÞAÐ VERÐUR ALLTAF AÐ HALDA SÖGUNUM GANGANDI“

Glaesileg jólatilboð



Posturepedic
Stuðningur sem þú treystir, þægindi sem þú elskar

Stærsti rúmaframleiðandi í heimi!

Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubróun en allir aðrir dýnuframleiðendur heims.



Einkaleyfin 4 frá Sealy:




Ert þú með þitt svefn DNA á hreinu?

ERGOSLEEP
fullkomnasta svefnkerfið

Hátæknirúm

Besta svefnkerfið samkvæmt samanburðarrannsóknum. Svæðaskiptur stífleiki, fjaðureiningar með minni.



Heilsan
framar öllu



mediline+

Hin mikla breidd MediLine línunnar uppfyllir flestar kröfur um fjölbreytileika og þægindi.

Rúmin í MediLine línunni eru til í fjölmörgum gerðum, stærðum og stífleikum þannig að flestir ættu að geta fundið hvílu við sitt hæfi.

Glaesilegur gjafapakki að verðmæti allt að **kr. 39.900** fylgir hverju seldu hjónarúmi



15%

afsláttur

Af mjúku vörunni, gjafavörunni og völdum rúmum og hvíldarstólum.

Mjúka deildin Hágæða sængur og heilsukoddar. Úrval af sængurfatnaði og rúmteppum.

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum. Rúmföt, rúktein, handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara. Veisludúkar, hördúkar og löberar.



Reykjavík: Möркиn 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opið virka daga: 10–18 og laug.: 11–16

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

sem skipti miklu máli fyrir fjármála-markaðinn. „Það eru miklu meiri peningar í umferð á Ísland en flestir gera sér grein fyrir. Lífeyrissjóðirnir verða til dæmis að fjárfesta fyrir einhverja 150 milljarða á ári bara til þess að halda í við innstreymið í sjóðina. En peningar verða ekki til á annan hátt hjá okkur en öðrum þjóðum. Þeir sem halda það vita ekki um hvað þeir eru að tala.“

En það er margt fólk sem hefur efnast mjög mikið á mjög stuttum tíma. Margir hafa áhyggjur af bilinu á milli ríkra og fátækra og það hafa jafnvel heyrst raddir á Alþingi sem segja að menn eins og þú eigi að skammast sín. Hvað finnst þér um það?

„Ég skammast mín ekki neitt. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af velgengni fólks, miklu frekar þarf að hafa áhyggjur af þeim sem illa gengur. Við eigum að halda áfram að skapa samfélag sem gerir enn fleirum kleift að ná árangri, út á það gengur þetta og mér finnst það öfugmæli þegar þeir eru ávitaðir sem gengið hefur vel hjá.“

Finnurðu fyrir einhverri öfund?

„Já, já það er engin spurning og hún er mjög mikil. En það er bara þannig að stærstu íslensku fyrirtækin eru ekki bara stór á íslenskan mælikvarða. FL-Group er til dæmis metið á 180 milljarða króna og það eru töluverðir peningar. Þetta þýðir að ef fólk á stóran hlut í svona félagi þá hefur það efnast mun meira og hraðar en kynslóðirnar á undan. Þess vegna er það auðvitað rétt, að í einhverjum skilningi hefur bilið á milli þeirra sem eru alveg efst og þeirra sem eru alveg neðst aukist. Hins vegar hefur það gerst í leiðinni að hópurinn í miðjunni er stærri en nokkurn tíma áður og hann hefur það gott, miklu betra en nokkru sinni.“

En verður niðursveiflan þá ekki jafn hröð og þessi uppsveifla?

„Nei, ég held að það sé ekki rétt. Íslensk fyrirtæki starfa í mörgum löndum, þau eru ólík og þeim hefur gengið vel á mörgum sviðum. Í ferðabransanum, fjármálageiranum, matvælaframleiðslu, flutningssviði og lyfjaþróun svo eitthvað sé nefnt. Þó að eitt þeirra myndi ekki ganga upp þá hefur það ekki þau áhrif að allt annað hrynji.“

En hvernig er það með menn eins og Hannes sem hefur náð svona langt í því sem hann er að gera. Ertu ekki búinn að græða nóg af peningum? Áttu þér eitthvert takmark núna?

„Já, annars stæði maður ekki í þessu. Þegar þú hefur uppfyllt allar fjárhagslegar þarfir þínar fer vinnan kannski frekar að snúast eingöngu um metnað í því að ná árangri og byggja upp skemmtilegt fyrirtæki.“

„ÉG SKAMMAST MÍN EKKI NEITT. ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF VELGENGNI FÓLKS, MIKLU FREKAR ÞARF AÐ HAFA ÁHYGGJUR AF ÞEIM SEM ILLA GENGUR.“



„VIÐSKIPTI ERU Í GRUNNINN MJÖG SKAPANDI ÞÓ AÐ MARGIR SJÁI BARA EINHVERJA KALLA MEÐ BINDI.“

Okkar fyrirtæki er bara eins og hálfars . Ég sé fyrir mér að við getum farið miklu lengra með það og náð enn meiri árangri, þannig að ég er rétt að byrja.“

Þeir eru oft settir í sama flokk allir þessir ríku kallar. Margir af þeim eru nokkuð uppteknir af stöðu sinni í samfélaginu og hefur Björgólfur Guðmundsson til dæmis verið áberandi í að styrkja alls kyns menningu og listir og Jón Ásgeir í fjölmiðlabransanum. Af hverju átt þú ekki fjölmiðil?

„Er Sirkus til sölu?“ spyr Hannes og hlær. „Við erum reyndar hluthafar í fjölmiðlinum sem þið vinnið hjá en höfum ekki verið áberandi. Við höfum viljað fókusera á okkar uppbyggingu og ná árangri í henni.“

En hefurðu einhverjar áhyggjur af ímyndinni. Þælirðu mikið í henni?
„Auðvitað hlýtur maður að hafa

áhuga á eigin ímynd. Ég hef hins vegar alltaf kosið að láta verkin tala og það eru þau sem dæma mig. Starfsmenn FL-Group vita hins vegar alveg að það er hluti af því að reka fyrirtæki með miklum hagnaði, að skila hluta af honum aftur út í samfélagið. Við vinnum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, með Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og UNICEF svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta skiptir okkur máli og vonandi fleiri, en hvort það hefur einhver áhrif á ímynd mína eða FL er aukaatriði.“

Nú er mikið slúðrað um þig...

„Já er það?“, segir Hannes og glottir... Ég er nú eiginlega hættur að hlusta á það.“

En af hverju heldurðu að fólk sé að slúðra um þig?

„Ég veit það ekki. Fólk þarf alltaf að slúðra um einhvern og það verður alltaf að halda sögunum gangandi. Þegar einhver nær árangri eru margir reiðubúnir að henda skít í hann en svo erum við líka fljót að fyrirgefa þegar illa gengur, þetta er einhver hluti af þjóðarsálinni sem ég kann ekki að skýra. Maður getur ekki

látið þetta hafa of mikil áhrif á sig og þess vegna hef ég alltaf látið þetta sem vind um eyrun þjóta.“

Hvað áttu eiginlega mikla peninga?

„Ég veit það ekki. Ég á alveg nóg en get ekki sett neina ákveðna tölu á það.“

Er mikill metingur hjá ykkur stóru köllunum hérna heima?

„Nei, ég hef ekki orðið var við það.“

Eruð þið vinir?

„Flestir erum við málkunnugir en svo ristir vinskapurinn misdjúpt.“

Er markaðurinn hérna heima persónulegri en gengur og gerist annars staðar?

„Að einhverju leyti er hann það og návígið er meira. Að sama skapi þarf maður að fara aðeins varlegar vegna þess að það er nánast öruggt að maður þarf að skipta við flesta oftari en einu sinni. Þetta er ólíkt því sem gerist annars staðar, en flest stærstu íslensku fyrirtækin fjárfesta nánast eingöngu í útlöndum. Þau þurfa að finna markað sem er nægjanlega stór til þess að svona mikið fjármagn geti ávaxtað sig,“ segir Hannes.

Það fylgir starfinu að ferðast mjög mikið og Hannes er mikið erlendis að stunda sín viðskipti. Er ekki hundleiðinlegt að vera sífellt á þessum ferðalögum?

„Jú og ég er því miður búinn að gera þetta alltof lengi. Ég byrjaði á þessu þegar ég var mjög ungur í ráðgjöf-inni og svo hélt þetta áfram. En þetta er bara fórnarkostnaðurinn við að búa á Íslandi.“

Konan að röfla mikið yfir þessu?

„Já, það kemur auðvitað upp en ætli ég röfli ekki meira, en við reynum að fara saman eins oft og hægt er.“

Þegar þú ert á þessum ferðalögum ferðastu þá með einkabotu?

„Stundum, það sparar fé og fyrirhöfn eins og sagt er, svo geta menn líka bara flogið með Ícelandair eða Iceland Express.“

Hvað er langt síðan þú flaugst með Iceland Express?

Hannes hlær og segir: „Ég hef aldrei flogið með Iceland Express en ætla að gera það. Það hentaði varla eiganda Ícelandair, en nú hef ég frjálsari hendur.“

LJÓSMYNDIR: Hörður Sveinsson

AMERÍSK HÁGÆÐARÚM

Rúm með sérhönnuðum lofthólfum og 100 stillingum. Þannig er hægt að aðlaga stífleika dýnnar hvorum megin þú ert í rúminu .



ATH. VIÐ HÖFUM EINNIG OPIÐ Á SUNNUÐÖGUM

HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN - FÖS 10:00 - 18:00
LAU 11:00 - 16:00 • SUN 13:00 - 16:00



RÚM OG HVÍLD FYRIR ALLA


- Vönduð rúm með rafstýringu
- Hvíldarsófar/hvíldarstólar
- Hágæða nuddstólar
- Svefnsófar (með heilsudýnu)
- Svefnherbergishúsgögn
- Heilsukoddar o.fl.

Comfortaire

ÓBORGANLEG FERÐASAGA!



Einar Kárason
og Ólafur Gunnarsson



„Ekki minnkaði
hitasvækjan og Kaddinn
spjó reyk sem aldrei fyrr ...“

Frá unglingsárum hafði rithöfundana Ólaf Gunnarsson og Einar Kárason dreymt um að keyra þvert yfir Bandaríkin, heimkynni indjána og kúreka, í krómuðum og vængjuðum kagga.

Sumarið 2006 létu þeir þennan gamla strákadraum rætast og flugu ásamt Aðalsteini Ásgeirssyni bifvélavirkja, Sveini Magnúsi Sveinssyni kvikmyndagerðarmanni og Jóhanni Páli Valdimarssyni útgefanda til New York á vit ævintýra og hvíts gullaldarmóðels af Kadilakk.

Þessi reykspúandi för stranda á milli reyndi ekki síður á mennina en Kaddann en hér segja þeir óborganlega ferðasögu sína þar sem ekkert er dregið undan.

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

Bókin er ríkulega skreytt myndum eftir Jóhann Pál Valdimarsson.

KALT?

Úlpur frá 4.990.-



Deres

Kringlunni - s.512 1755

Vertu með

Lumar þú á frétt? Eða hugmynd að efni í Sirkus? Hafðu samband. Við viljum hlusta á þig. Sendu póst á andri@minnsirkus.is, hringdu í 5505000 eða farðu á minnsirkus.is/sirkus



Ástfangin af skóm

Pedro García skómerkið á ættir sínar að rekja til Spánar. Skómerkið var stofnað 1925 og sér þriðja kynslóðin núna um merkið. Þetta eru ótrúlega fallegir og kvenlegir skór. Þeir eru fáanlegir í mörgum glamúr litum og efnum, leður, satín og Swarovski steinum, svo eitthvað sé nefnt. Þú þarft ekki að byrja á því að sóla skó frá Pedro García. Botninn á þeim er úr sérstöku efni sem gerir það að verkum að þeir eru mjúkir að ganga í og ekki sleipir, sem hentar sérstaklega vel í íslensku hálkunni. Ég keypti mitt fyrsta par í íslensk-danska Magasin du Nord í Kaupmannahöfn í sumar og get ekki leynt ást minni á þessum fögru þægilegu skóm. Þeir fást ekki á Íslandi en víða um heim er hægt að fá upplýsingar um verslanir á www.pedrogarcia.com/ og versla þá á netinu gegnum www.net-a-porter.com.

GULL & GLAMÚR Í FROSTI & SNJÓ

ÞRÚ
RÁÐ

FRÁ GUÐBJÖRGU HULDÍSI

fjörðunarmeistara



1 Þú verður að eignast ...

... augnskugga- og varalita pallettu frá MAC. Þetta er bara góð kaup, sex litir í pallettu. Þú getur verið stolt að draga pallettuna upp úr veskinu því umbúðirnar eru mjög fallegar. Finndu litina við þitt hæfi og þú ert góð út árið!



2 Rautt og aftur rautt

Rauðar varir bæði mattar eða glansandi eru málið. Haltu augnmálningunni einfaldri og láttu varinnar tala. Klæddu þig upp og settu á þig nýja MAC Rouge Noir sem er glæsilegt og þú gefur stjörnunum ekkert eftir.



3 Blá augu ...

Heitasta party lookið er frá Versace vetur 2006, bláir augnskuggar í bland við svarta. Prufaðu MAC pigment í Dark Soul með bláa augnskugganum þínum. Þetta er augnskuggaduft sem auðvelt er að vinna með og gefur fallega og mjúka áferð. Á varir passar vel að nota MAC Lipgelée í Amber Russe, það er hálfglært gloss með blábleikum blæ, allir geta notað það. Unaðsleg vanillulyktin spillir ekki fyrir.

tískumolar
HELGU ÓLAFSDÓTTUR

Gullæði

Er hægt að vera glamúr þá í frosti og snjó? Það er allt hægt, gull glamúr pils og fallega kremuð kasmírpeysa eða rúllukraga-prjónapeysa undir uppáhalds glamúr kjólinn þinn, mér finnst þetta bara geðveikt. Ég skora á þá sem elska íslensku ullina að blanda fingerðri lopapeysu með kjól eða pils.



Gucci segir fjólublár

Það er sko engin rómatík hjá Fridu Giannini, yfirhönnuði Gucci, hún mælir með glamúr rokki. Fjólubláir tónar eru áberandi í vetrarlinu Gucci. Ekki fara í felur segir Frida, þetta snýst um að sýna sig!! Fjólublátt, helst frá toppi til täär, er málið fyrir þá sem vilja vera áberandi.



Nýjar línur

á auðveldan hátt

Slendertone FLEX
buxurnar er
byltingarkennt
vöðvamótunartæki
sem byggir á öflugri CSI
tækni sem örvar og styrkir
rass-og lærvöðva.
FLEX buxurnar þjálfa vöðva
sem erfitt er að ná til með
hefðbundnum æfingum.
stærsti kosturinn við
Slendertone FLEX
buxurnar er að þú getur
sinnt öðru á meðan
tækið þjálfar
vöðvana.

Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro
Verð kr. pr. mán. í 3 mán

6.665.-
Verð kr. 19.995.-

ÖFLUGT TÆKI SEM SKILA ÞÉR ÁRANGRI



SLENDERTONE

ÞJÁLFAF KVIÐ- OG HLIÐARVÖÐVA

Slendertone FLEX
herra og dömu
Vaxtalaus kjör í 3 mán
með Visa/Euro
Verð kr. pr. mán. í 3 mán
4.995.-
Verð kr. 14.985.-



ÞJÁLFAF KVIÐ- OG HLIÐARVÖÐVA

Slendertone MAX
herra og dömu
Vaxtalaus kjör í 3 mán
með Visa/Euro
Verð kr. pr. mán. í 3 mán
6.665.-
Verð kr. 19.995.-



ÞJÁLFAF KVIÐ- OG HLIÐARVÖÐVA

Slendertone ACTIVE
herra og dömu
Vaxtalaus kjör í 3 mán
með Visa/Euro
Verð kr. pr. mán. í 3 mán
6.665.-
Verð kr. 19.995.-



allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Opið

Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15

Kíktu á glæsilega netverslun okkar www.hreysti.is

DD unit með lang besta hollywood slúðrið

Ahhh TomKat eru bonafied* a.k.a* Kate hefur skrifað undir samninginn um að dæla út börnum fyrir hann á hvað um 5 mills* dollara stykkið. Og svo einhvern sand af seðlum fyrir hvert ár sem þau verða gift og halda upp í þeirri illusion* að hann sé ekki gay* fyrir the american movie-goer*. Allavega ég var með þessa mynd á síðunni minni en fannst ástæða til að endurbirta því ég bið ykkur um að nota common sense* og reyna að átta ykkur á því af hverju hún er jafnstór og hann á brúðarmyndinni þegar hún er augljóslega towering over him þarna til vinstri! Mú hahahaha hún er pottþétt á hnjónum.. og verður þar í þessu hjónabandi.

Ágætis kaka... ég er alltaf að spá með svona köku hvernig maður sker sneið úr þessu.. og þetta er svona 400 til 600 þúsund króna kaka.. þetta er ekkert Jóí Fel neitt.. sem yrði nógu dýrt.. jesús minn! Talað er um að Tom hafi eytt allt að 3 til 5 mills bucks í media-sirkusinn* í kringum þetta brúðkaup.



Eins og mig grunaði og merkilegt nokk að fólk hafi verið hissa á því en J.Lo er ekki kölluð diva fyrir ekki neitt... hún lét aðstoðar-rassgatið* sitt hlaupa inn í 757 vélina sem Tom leigði fyrir finu gestina sína og ná í bestu sætin... iiiiii steikt!! Og svo hætti hún ekki þar neiíii J.Lo mætti í relaxed dinnerinn* kvöldið fyrir dressed to the nines* og fór það mikið fyrir brjóstið á fólkinu sem allir voru bara í gallabuxum og Cherrios - bolum eflaust.. yeah right einmitt! Svo bara var hún með almennt vesen eins og gengur og gerist. Hún notaði sama hárgreiðslumann, Ken Pavés, og Kate og hvaða hvaða.. en ég meina hey.. þeim var fjandans nær að bjóða the high maintenance.

En þá er aldrei að vita nema það opnist gat í calanderið* hennar Zoe fyrir Brit Brit sem virðist vera með fata- og smart fötlun á ofsalega háu stigi. Hún er in need of a fashion intervention BAD*!! Hérna er hún einmitt á galeiðunni í Vegas ásamt tiskuslysinu Paris Hilton og sjá ... hárið á henni eða sem sagt the weave* litur út fyrir að hafa verið hnýtt í hana af Divine Brown on crack*. Þetta er eins og hausinn á einhverri dúkku og svo mmm gerviefna satín skyrtu, bindi.. iiewwww ég þoli ekki konur með bindi ... loath it loath it* ... og satín svartar buxur ... ojjjjjjjjjjjj!! Help my lord WHY!!!!*

Blohan er aldrei skammt undan þegar það kemur að slúður-dálkunum en hún virðist ekki vera beint að slá í gegn hérna megin við Atlantshafið. Hún átti að vera kynnir á Evrópsku tónlistarverðlaununum þar sem hún var svo gott sem búú-uð niður og svo sagðist hún bara hafa dottið í stiga baksviðs og hætti bara við að kynna afganginn af showinu* en samt fór hún alveg og datt alveg heavy* í það og húkkaði* hann Calum Best ... ahhh það getur nú ekki verið rólyndismaður ... sonur George Best og svona ... hmm hann hlýtur nú ekki að hata sopann hún kann að velja þá stelpan!

Joycelyn Wildenstein hefur einhverra hluta vegna dúkkað upp en henni hef ég verið að fylgjast með síðustu 8 árin eða svo. Vegna þess að hún vill lita út eins og uppáhalds-kisinn sinn sem er persi.. en hún er einmitt númer 38 á listanum yfir ljótustu konur í heimi greyið.... ég skal birta hérna topp 10 með on the side* fyrir ykkur. Hún var gift sjúklega ríkum kalli sem að sjálfsgöðu fór bara þegar það runnu á konuna hans tvær grímur literally*. Þessi maður þarna við hliðina á henni er á svipinn eins og kisinn sem fékk rjómann *wink wink* og er bara einhver sem mér er alveg sama um!

Jæja þá skulum við henda okkur í the usual suspects* og nóg komið af þessu Tomkat-bulli. Vonandi þurfum við ekki að sjá meiri PDA fótó-opp* og myndir af þeim að glápa á börnin í fótbolta. En hæst ber að nefna að Nic the stick* er búin að reka Rachel Zoe stílístann sinn ja hérna hérna.. nú hljóta margir lesendur mínir að fella tár ekki satt.. en það ku vist renna stoðum undir þann orðróm sem gengið hefur lengi um að hún Zoe sé söluaður dauðans.. jú jú og Nic er einmitt að reyna að laga til í sínu lífi og vill hafa jákvætt fólk í kringum sig. Zoe kom sér í vikunni líka á shit-listann* hans Tom Ford* en í matarboði sem hann hélt kom hún og skálaði, fór í annað party þegar maturinn var og kom svo aftur. En hann Ford kallinn hefði nú getað sagt sér það sjálfur að the bitch don't eat like my homie Michael K says*.

Paris sem segist ekki drekka og vera lengur úti en til 2 því lúserar* eru úti eftir kl. 2... her own words* umm hmmm stendur þarna með sinn taktlausa kropp og reynir að hrista hann fyrir framan Grey Goose flöskuna*, sem hún drakk af stút, og Jay-Z. Ekki vildi betra til en svo að hún að sjálf-sögðu þurfti að fara upp á sviðið og ætlaði að lip synca* 2 lög af vibba-plötunni sinni sem er ekkert nema glæpur gegn mannkyni en almættið hefur augljóslega gripið inn í og hlíft fólkinu við þeim hryllingi. Því Paris blew chunks* bara yfir allt sviðið áður en hún náði að gervi-stynja upp einni feilnótu! Úfff.. Nicky Hilton er þarna dökkhærða stelpan í sleik við David Kaztenberg = x-ið hennar Ashley Olsen* DD-unit er þarna á gólfinu í hvíta bolnum með Töru Reid hárið.

Best fannst mér þegar ég las viðtal við hana einhvern timann að þá sagði hún að eftir síðustu kinn-plantíð* var henni sagt að hún myndi missa hliðarsjónina en hún ákvað eftir mikla ihugun að hún notaði aðeins hliðarsjónina þegar hún var að keyra og fannst skipta meira máli að skella sér í lýtó heldur en að keyra.. ég meina hún gæti auðvitað bara fengið einhver til að skutla sér hingað og þangað! Margur verður augljóslega af aukum api ... nú eða köttur í þessu tilviki!

GLÓSUR

Bonafied Viðurkennd	Calanderið Dagatalið hennar
A.k.a also known as Einnig þekkt sem	In need of a fashion intervention BAD Þarf nauðsynlega á tisku-ihlutun frá ástvinum og það í hvelli!
Mills Milljónir	The weave Hárlengingarnar
Illusion Tálsýn	Divine Brown on crack Vændiskonan sem var með Hugh Grant á sínum tíma
Gay Hommi, samkynhneigður	Loath it loath it Fyrirlit það fyrirlit það
The american movie-goer* Hinn ameríska bíó-fara	Help my lord WHY!!!! Hjálp mér heilagur guð og af hverju
Common sense Almenna skynsemi	Lúserar Aumingjar
Towering over him Trónir yfir honum	Her own words Hún lét þessi orð falla
Mills bucks Milljónir dollara	Grey Goose flöskuna Dýr og finn vodki
Media sirkus Fjölmiðlafár	Lip synca Hreyfa varirnar við undirspil
Aðstoðar-rassgatið Aðstoðarmanneskjuna sína	Blew chunks Ældi eins og múkki
Relaxed dinnerinn Rólyndiskvöldverð	X-ið hennar Ashley Olsen Fyrirverandi kærasti annars Olsen tvíbanna.
Dressed to the nines Klædd eins og gyðja, að fara alla leið	Showinu Hátíðinni
The usual suspects Góðkunningjar slúðursins	Heavy Svakalega
PDA fótó-opp public display of affection Opinber keleriis syning og gerist sérstaklega þegar myndavélar eru í kring	Húkkaði Náði sér í
Nic the stick Nicole Richie ættleidd dóttir Lionel Richie	On the side Hérna til hliðar
Shit-listann Skítalistann... þú ferð á skítalista hjá fólki ef þú gerir því eitthvað!	Literally Bókstaflega
Tom Ford Mjög frægur fatahönnuður sem hannaði á sínum tíma fyrir Gucci-tiskuveldið	Wink wink Blikk blikk gefa merki um að hérna er verið að vísa í brandara... hún vildi líkjust ketti..
The bitch don't eat like my homie Michael K says Að tæfan borðar ekki mat eins og kollegi minn hann Michael K bloggari segir	Kinn-plantíð Kinnigræðsla, sem sagt láta setja í kinnarnar á sér líklega silíkon


be sure to check me out á www.dd-unit.blogspot.com

Topp 10 ljótustu konur í Hollywood:

	1. JANET RENO		2. STAR JONES
	3. COURTNEY LOVE (fyrir utan brjöllurnar)		4. JOAN RIVERS
	5. BARBRA STREISAND		6. FRAN LIEBOWITZ
	7. RACHEL DRATCH		8. JOAN CUSACK
	9. ROSIE O'DONNELL		10. SARAH JESSICA PARKER

NÝTT Á DVD

FRÁ MICHAEL MANN, LEIKSTJÓRA "COLLATERAL" OG "HEAT"



COLIN FARRELL

ACADEMY AWARD WINNER

JAMIE FOXX

MIAMI VICE

KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.

SAM  MYNDIR

TEKINN

PALLI MAGG OG SIGMUNDUR ERNIR

Ég pantaði ekkert þessa stóla

Auddi var með tvo hrekki í vikunni. Fyrst var slökkvilið-ið sent heim til Sigmundar Ernir og hann beðinn að borga brúsann fyrir útkallið. Risagámur mætti svo með 22 stóla á heimili Páls Magnússonar.

„Hvað segirðu, 130.000 fyrir útkallið?“

„Þetta eru mistök, ég pantaði ekkert 22 stóla.“

„Ég staðgreiði þetta bara, en verð að fá nótu fyrir þessu.“

„Þetta eru mistök, ég pantaði ekkert þessa stóla.“



MÁNI MÆLIR MEÐ

BRÆÐURNIR ÁSAMT KORMÁKI OG SKILDI OPNA NÝJAN VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐ DOMO ANNAR KVÖLD

Þetta er enginn ellistaður



BRYNJAR MÁR MÆLIR MEÐ

- 1

DEFTONES
Cherry Waves
„Chino verður bara betri því feitari sem hann verður.“
- 2

EAGLES OF DEATH METAL
I Got a Feelin
„White Trash er málið.“
- 3

FOO FIGHTERS
My Hero (live)
„Tekið af frábærri órafmagn- aðri plötu frá þessari geðþekku sveit.“

„Hann heitir sko Domo með o-i ekki ó-i, við erum nefnilega svo inter- national,“ segir Bjarki Gunnlaugs- son um nýjan veitinga- og skemmti- stað sem hann er að opna ásamt Arnari bróður sínum, Kormáki, Skildi og Rósant Birgissyni fyrrum Hverfisbarmanni. „Þetta er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur hópur sem kemur úr ólíkum áttum. Kommi þekkir náttúrulega tónlistarheiminn vel og kemur með skemmtilega vinkla þar,“ segir Bjarki en þeir ætla að vera með lifandi tónlist á miðvikudags- og fimmtudagskvöld- um. „Það verður djass og svona skemmtilegheit og svo verður bara fjör um helgar. Dj Margeir verður hjá okkur og fleiri.“ Staðurinn er í Þingholtsstræti þar sem hinn gríðarvinsæli Sportkaffi var á árum áður. Á efri hæðinni ætla þeir að vera með veitingastað og skemmtistaðurinn verður svo á neðri hæðinni. „Eldhúsið verður asískt með svona fusion ívafi. Aldurstak- markið er 23 ár og því verðum við með fólk í eldri kantinum. Þetta verður samt enginn ellistaður þó að við séum nú kannski komnir af besta skeiðinu sjálfir,“ segir Bjarki og hlær. En hvernig kom það til að þeir bræður ákváðu að opna skemmti- stað? „Við höfum verið mikið á ferðinni



Sáttir eigendur Skjöldur, Bjarki og Kormákur eiga staðinn með Arnari og Rósant Birgissyni.

bæði í London, New York og annars staðar þar sem mikið er af svona stöðum. Okkur hefur fundist vanta svoltið svona stað þar sem þú getur farið út að borða og haldið svo áfram á sama stað, ef þú vilt það. Ef þú ætlar að halda áfram eftir matinn núna þá er það bara tuttugu stiga gaddur í einhverri röð.“ Bjarki segir áhersluna aðallega lagða á matinn en þeir hafa

innréttað staðinn mjög smekklega. „Við förum samt ekkert út í neinn marmara og einhverja svoleiðis vitlesu.“ Opnunarpartið verður annað kvöld en veitingastaðurinn opnar formlega á sunnudaginn. Teitið hefst klukkan 21.00 og svo verður opið eitthvað fram eftir. „Það eru allir velkomnir á Domo,“ segir Bjarki Gunnlaugsson að lokum.

- 1

NELLY FURTADO
Say it Right
Hér er enn eitt lagið úr smíðju Timbaland sem er að finna á nýju plötunni hennar Nelly Furtado, Loose. Þetta er örugglega sterkasta lagið á plötunni“
- 2

FRAY
How to Save a Life
Það skemmtilega við þetta allt saman er að Fray ætlaði sér aldrei inn á unga markaðinn en sló fyrst í gegn á AC stöðvum í Ameríku, sem er fyrir eldri markhóp, en í dag hljómar Fray á öllum betri útvarpstöðvum í heiminum við miklar undirtektir.
- 3

GWEN STEFANI
Wind it up
Í þessu lagi notar hún melódiu úr söngleiknum Sound of Music og snýr því öllu saman upp í gríðarlega góðan dansgólfs slagara.

Hlustaðu á þetta ...

Nýja plata hljómsveitarinnar Ampop heitir Sail to the Moon og er kost- gripur. Sveitin heldur útgáfutónleika í kvöld á Nasa og þangað verða allir að fara sem kunnu að meta hina frábæru plötu My Delusions sem kom út í fyrra. Sail to the Moon er öllu rólegri en síðasta plata en frábærar melódir og angurværar laglínur er að finna á nýju plötunni sem svíkja engan. Sirkus mælir með þessari.

Minnsirkus samfélag vikunnar

X-Factorsamfélagið

Í vikunni opnaði nýtt samfélag inni á minnsirkus.is vefnum. Það er tileinkað X-Factor þáttunum sem hófu göngu sína fyrir viku. Margt fróðlegt er hægt að skoða þar inni. Meðal annars umræðuþræði tengda þáttunum sem munu verða liflegri eftir því sem liður á keppnina. Einnig ætla dómaramnir þrír, Einar Bárðar, Páll Óskar og Elly, að blogga. Aðdáendur þáttanna ættu ekki að láta þetta samfélag fram hjá sér fara. Enda alltaf gaman að tala við aðra aðdáendur um sitt uppahald. Endilega skráið ykkur í samfélagið og látið koma ykkur á óvart. Slóðin er www.minnsirkus.is/xfactor.

X-Factor Einar, Elly og Páll Óskar blogga.

Mættu þangað ...

Allir sannir hiphop aðdáendur munu ekki láta sig vanta til Keflavíkur annað kvöld. Þar munu helstu rapparar landsins stíga á stokk og láta rímurnar flæða. Gleðskapurinn verður á skemmtistaðnum Yello en þar verður hægt að fá hinn eina sanna hip hop drykk, gin og djús á tilboði. Á meðal þeirra sem koma fram eru Dóri DNA, Bent, XXX Rottweiler og Hæsta hendin. Erpur og Unnar Freyr snúa svo skífum að tónleikunum loknum. Herleg- heitin hefjast klukkan 22:00. Fo sho!

PULSE ER KOMIN Í BÍÓ!

PULSE

ÞEIR ERU AÐ FYLGJAST MEÐ ÞÉR. ÞEIR ERU AÐ ELTA ÞIG.
HORFÐU Í AUGUN Á ÞEIM OG ÞÚ ERT NÚNA SÝKTUR

SJÁÐU EINA ÓGNDÆNLEGUSTU MYND ÁRSINS ÓKLIPPTA
Í SMÁRABÍÓI OG REGNBOGANUM!

 **REGNBOGINN**

SMÁRA  **BÍÓ**



stelpubögg með
Síggú Dögg

Útrunnin stelpa

Klukkan er korter yfir þrjú og ég lít í kringum mig á yfirfullum staðnum. Hvítu skórnir mínir eru orðnir svartir, kjóllinn minn er með sigarettugati og taskan mín er hundvot eftir gáleysi einhvers drukkins unglings. Mér verður litið upp og sé dillandi bossa í stuttum pilsum ofan á barborðinu. Ómeðvitað set ég upp hneykslissvip og horfi með óþökk á þiumar sem taka fjögur staup í röð og flaðra svo hálssjónlausar upp um næsta mann. Ég klæði mig í yfirhöfnina og held heim á leið.

Ég geng eftir Tjarnargötunni og fussa og sveia yfir sigarettulyktinni af fötunum mínum, tónlistinni inni á staðnum og eggjandi ungabörnum í leðurpilsum. Skyndlega fellur eplið og það rennur upp fyrir mér: „ég er orðin of gömul fyrir skemmtistaðina“. Fyrir ekki lengra síðan en tveimur árum fór ég sokkabuxnalaus í stutt pils og sveiflaði mér af ljósakrónum, dillaði bossanum framan í næsta mann og skildi veskið eftir heima. Ég var lífið og sálin í teitum sem voru haldin þegar „venjulegt“ fólk var að rísa úr rekkju.

A hvaða tímamarki ég varð gömul og hugsanahátturinn breyttist er ég ekki viss. Það gæti hafa verið þegar dyraverðirnir hættu að biðja um skilríkin mín eða þegar vinur minn sagði „hún er ’88 módel, alveg að slaga í nitján...“. Það var ekki nema von að undirmeðvitundin væri að senda mér skilaboð, ég er hlutfallslega gömul á „djammínu“. Ég sem ’82 módel er útrunnin vara. Það er komin ný kynslóð. Ég er orðin „tuttugu og fimm eða eitthvað“ stelpa sem á að vera einhvers staðar annars staðar en uppi á barborði.

Ég hef stundað skemmtistaðina síðan ég var sextán ára. Það er mér í fersku minni hvernig ég og vinkonur minar hneyksluðumst á hátterni hinna og þessara stúlkna sem voru komnar yfir tvítugt. Óskrifuð regla skemmtistaðanna er stúlkur sautján ára og eldri. Það er ekki gerð ströng krafa á löglegum drykkjaldri og fölsuð skilríki eru jafn sjálfsgöð eign og farsími. Ungu stúlkurnar hafa valdið í höndum sér þar sem þær eru ferskur andblær á annars einsleitt skemmtistaðumhverfið og nýjungagirni karlmannna lætur ekki á sér standa.

Ég er milli steins og sleggju. Millibilsástandið lýsir sér í togstreitu milli Bankastrætis og niður eftir, og Laugavegs og upp eftir. Fráskildir fjölskyldufedur og einstæðar mæður eða sautján ára skríkjandi stelpur og strákar sem eru „player-ar“ í leit að nýjustu „græjunni“. Sumar prufa að yngja upp „ala Demi“ en komast fljótt að því að ungu strákarnir eru einmitt það, ungir. Enn aðrar sækja í öryggi eldri manns en þurfa þá að takast á við fyrrverandi konuna og börnin um helgar. Í fullri hreinskilni þá er þetta ekki heillandi ástand. Hvaða gera útrunnar stúlkur þá? Svar óskast ...

COLT

GERIR ALLT
FYRIR MIG



Mitsubishi Colt er frábær bill sem hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir; glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira.

Komdu og prófaðu hann
Verð: 1.590.000 kr.

Staðalbúnaður MASC stöðugleikastýring
ABS hemlalæsisvörn • EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnustýring • Aksturstölva • Hiti í framsætum
Fjarstýrðar samlæsingar • Rafdrifnar rúðuvindur



MITSUBISHI
MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 • HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 • HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 • HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 • HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Atla úr Strákunum er nóg boðið...
... í næsta þætti

TEKINN.

MÁNUDAGAR
KL 21:00

Apple á Íslandi







SIRKUS TV